



# Ársskýrsla

**Samantekt um árið 2019**

**Starfsáætlun 2020**



# Efnisyfirlit

<b>EFNISYFIRLIT.....</b>	<b>2</b>
<b>1. STOFNUN OG STOFNAÐILAR.....</b>	<b>3</b>
<i>STOFNAÐILAR VÍSKU .....</i>	<i>3</i>
<i>STJÓRN OG VARASTJÓRN.....</i>	<i>3</i>
<i>STARFSFÓLK.....</i>	<i>3</i>
<b>2. SKÝRSLUR.....</b>	<b>4</b>
<b>3. SAMANTEKT Á ÁRINU 2018 .....</b>	<b>5</b>
<b>4. UM FRÆÐSLUSTARFIÐ / SÍMENNTUN 2018 .....</b>	<b>6</b>
<b>5. NÁMSMENN.....</b>	<b>8</b>
<b>6. NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF OG RAUNFÆRNIMAT .....</b>	<b>11</b>
<b>7. SAMSTARF OG VERKEFNI .....</b>	<b>13</b>
<b>8. STARFSÁÆTLUN 2019.....</b>	<b>15</b>
<b>9. FJARNÁM Á HÁSKÓLASTIGI .....</b>	<b>15</b>
<b>10. SAMANTEKT OG FRAMTÍÐARSÝN .....</b>	<b>16</b>

## 1. Stofnun og stofnaðilar

Viska var stofnuð í Vestmannaeyjum í janúar árið 2003. Markmiðið með stofnun VISKU – Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar í Vestmannaeyjum var að efla menntun í Vestmannaeyjum með því að standa fyrir fræðslustarfsemi sem ekki heyrir undir námskrárbundið nám á grunn- og framhaldsskólastigi, nema sérstaklega verði um það samið. Einnig var Visku ætlað að hafa forgöngu um fræðslu og fjarkennslu á sem flestum sviðum og miðla framboði á fræðslu og fjarkennslu til almennings og atvinnulífs í Vestmannaeyjum. Þessu var Visku ætlað með því að vinna í samstarfi við aðra aðila í landinu sem sinna símenntun, endurmenntun og menntun á háskólastigi og vera í fararbroddi á nýtingu á bestu fánægri fjarkennslutækni hverju sinni.

### **Stofnaðilar Visku**

Vestmannaeyjabær og skólar, Sparisjóður Vestmannaeyja, Ísfélag Vestmannaeyja, Vinnslustöðin hf., Tölvuskóli Vestmannaeyja ehf. (nú Tölvun), Tölvun ehf., Eyjasýn ehf., Skipalyftan hf., Drífandi stéttarfélag, Verslunarmannafélag Vestmannaeyja, (þáverandi nú VR), Stavey, starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar, Verkstjórafélag Vestmannaeyja, Sveinafélag járníðnaðarmanna (þáverandi nú FIT), Háskóli Íslands (Samstarfsnefnd HÍ og Vey), Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja, (nú Heilbrigðisstofnun Suðurlands) Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, Háskólinn á Akureyri og *Stjórnunarfélag Vestmannaeyja* sem síðar var lagt niður.

### **Stjórn og varastjórn**

#### **Aðalmenn**

Arnar Sigurmundsson, formaður  
Helga Björk Ólafsdóttir, varaformaður  
Gísli Eiríksson  
Gunnar Gunnarsson  
Arnar G. Hjaltalín

#### **Varamenn**

Davíð Guðmundsson  
Páll Marvin Jónsson  
Unnur B. Sigmarsdóttir

Endurskoðandi: Deloitte ehf

Skoðunarmenn: Ólafur Elísson og Þórhildur Ragna Karlsdóttir frá síðasta aðalfundi sem haldinn var 13. maí 2019.

### **Starfsfólk**

Stöðugildi Visku eru tvö og að auki aðkeypt þjónusta bæði frá Þekkingarsetri Vestmannaeyja og víðar. Forstöðumaður Valgerður Guðjónsdóttir er í fullu starfi sem og Sólrún Bergþórsdóttir, náms- og starfsráðgjafi. Þjónustufulltrúar Þekkingarseturs Vestmannaeyja starfa einnig í ákveðnu stöðuhlutfalli fyrir Visku. Þar að auki er Jóhanna Lilja Eiríksdóttir í vinnu fyrir Visku sem verktaki í umsýslu við námskeið og kennslu og Sólrún Unnur Harðardóttir í yfirsetu prófa og ýmsum tilfallandi störfum.

## 2. Skýrslur

### Allt er breytingum undirorpið



Nú eru liðin tæplega tvö og hálf ár frá því Viska flutti starfsemi sína í nýtt og glæsilegt húsnæði Þekkingarseturs Vm. að Ægisgötu 2. Nú er komin góð reynsla á flutninginn í nýtt húsnæði. Viska leigir um 200 fermetra í sérrými og sameiginlegu rými í þessu 1000 fermetra húsnæði og er stærsti einstaki leigutakinn. Fjórtán fyrirtæki og stofnanir eru nú saman á einu gólfi á 2. hæð Ægisgötu 2 og felur það í sér mikla möguleika til nánara samstarfs og hefur tíminn leytt það berlega í ljós.

Árið 2019 var lengst af með hefðbundum hætti í starfsemi Visku og á vettvangi stjórnar. Það sama verður ekki sagt um þetta ár sem hefur verið viðburðaríkt og og hafa áhrif heimsfaraldurs COVID 19 og

samkomubanns sett alla starfsemi Visku úr skorðum frá fyrri hluta mars sl. Hefðbundin starfsemi við staðbundna kennslu og ráðgjafaviðtöl gjörbreyttist á nokkrum dögum. Við tók gjörbreytt umhverfi þar sem fjarkennsla og samskipti í gegnum fjarfundakerfi, tölvur og síma urðu allsráðandi. Við þessum breyttu aðstæðum var brugðist og sett upp á skömmum tíma nokkur fjölbreytt fjarnámskeið sem hófust seinni hluta apríl sl. og mun ljúka í byrjun júní nk. Flest þessara námskeiða eru án gjaldtöku og auðvelduðu nýir samningar Visku við Landsmennt fræðslusjóðs SA og verkafólks á landsbyggðinni nokkuð þá leið. Þegar samkomubann heilbrigðisyfirvalda tók gildi um miðjan mars voru nokkur hefðbundin námskeið í gangi hjá Visku. Reynt verður að ljúka þeim á vorönn nú þegar búið er að létta nokkuð á samkomubanni en áfram gildir 2ja metra reglan og hefur henni verið fylgt í hvívetna.

Á vettvangi stjórnar hefur tímabilið frá aðalfundi 13. maí 2019 verið viðburðaríkt. Stjórnin hefur haldið átta bókaða fundi frá síðasta aðalfundi. Því til viðbótar hafa stjórnarmenn verið virkir í samskiptum milli funda. Í fyrrahaust þegar ekki var lengur útlit fyrir að það tækist að selja húseignina Strandvegur 50, Hvítahúsið, sem hafði verið í sölu hjá fasteignasala í heilt ár, kom fram ósk frá Lista og menningafélagi Vm. að fá 2. og 3ju hæð hússins á leigu. Eftir viðræður eigenda hússins Vestmannaeyjabæjar og Visku var ákveðið að gera 12 mánaða leigusamning við félagið sem tók gildi 1. okt. 2019 um leigu á meirihluta efri hæða hússins. Þar eru í gangi fjölmargar vinnustofur listafólks úr Eyjum. Leigutekjur, sem eru í lægri kantinum, duga fyrir fasteignagjöldum, orku og nauðsynlegu viðhaldi. LM félagið hefur staðið mjög vel og umgengni í húsinu til fyrirmyndar.

Skömmu eftir að húsnæði 2. og 3. hæðar var leigt hófust viðræður Visku og Vestmannaeyjabæjar um skipti á eignahlutum að Strandvegi 50. Breytt eignaskipting og útgáfa afsals tók gildi 1. janúar 2020 og er Viska nú 68% (áður 30%) efri hæða á móti Vm.bæ sem eignaðist alfarið jarðhæðina, en Viska átti þar áður 50%. Vestmannaeyjabær hefur látið breyta fyrirkomulagi á jarðhæð og mun þar opna félagsmiðstöð fyrir ungt fólk þegar létt verður frekar á samkomubanninu.

Í lok árs 2019 samþykkt stjórn Visku að fela Sveini Margeirssyni, verkfræðingi og ráðgjafa að gera úttekt og SVÓT greiningu á starfsemi Visku og framtíðarmöguleikum í síbreytilegu umhverfi. Sveinn hafði þá nýlega lokið við sambærilega úttekt á starfsemi Þekkingarseturs Vm. Sveinn hefur rætt við fjölmarga hagaðila innanbæjar og utan auk stjórnar og starfsfólks Visku. Á aðalfundi Visku

25. maí nk. mun Sveinn gera grein fyrir úttektinni og greiningarvinnu ásamt tillögum sem fylgja um starfsemi Visku og mögulega framtíðarsýn.

Að endingu þakka ég stjórn og starfsfólki Visku fyrir mjög gott samstarf sem sannarlega hefur reynt á tímum COVID 19. Ljóst er að margt mun breytast í umhverfinu þegar loks sér fyrir endann á þessu ástandi og þar verður starfsemi fræðsluaðila eins og Visku ekki undanskilin. Vestmannaeyjum 21. maí 2020

Arnar Sigurmundsson, form. stjórnar

## 1. Samantekt á árinu 2019

### 3.1. Styrkir og vildargjöld 2019

Á fjárlögum fyrir árið 2019 fékk Viska, Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja úthlutað styrkjum til reksturs og háskólanáms og til ýmissa fræðsluverkefna, eins og kennslu námsskráa Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Sjá nánar í töflu 1.

Framlag frá	Verkefni	Styrkupp hæð
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Rekstur Visku og þjónusta við háskólanám	25.169.717
Fræðslusjóður	Náms- og starfsráðgjöf	3.760.000
Fræðslusjóður	Raunfærnimat	4.158.950
Fræðslusjóður	Raunfærnimat yfirfærsla frá 2018	1.158.950
Fræðslusjóður	Vottaðar námsleiðir	13.730.000
Fjölmennt	Námskeið fyrir einstakl. m/fötlan	0
Rannís	Íslenska fyrir útlendinga	3.400.000
Nordplus	Language on the fly	503.000
Samtals:		<u>50.761.667</u>

Tafla 1. Taflan sýnir helstu framlög og styrki til Visku árið 2019.

### 3.2 Mennta- og menningarmálaráðuneytið - framlög

Á Fjárlögum 2019 fékk Viska, Fræðslu- og símenntunarmiðstöð í Vestmannaeyjum samtals 25.169.717 milljónir króna, samkvæmt samningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið sem undirritaður var í desember 2015. Í samningnum segir um megin markmið, að Viska mun: „vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð í Vestmannaeyjum; greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa. Viska skal veita þjónustu á sviði framhaldsfræðslu og þróa hana meðal annars í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila. Að bjóða að auki upp á fjarnáms- og kennsluaðstöðu vegna framhaldsfræðslu og þjónustu við nemendur á framhaldsskóla- og háskólastigi eftir því sem þörf er á. Þjónusta vegna háskólanáms er metin sem 25% af starfseminni. Miðað er við að minnst 66% framlags skv. samningi fari í reglubundinn rekstur framhaldsfræðslu, sbr. 9. gr. laga um framhaldsfræðslu“<sup>1</sup>

Viska gerði einnig samning við FA vegna náms- og starfsráðgjafar. Samningurinn hljóðaði upp á 2.700.000 kr. en svo fékk Viska viðbótarframlag síðla árs og því var heildarframlagið til ráðgjafar

4.790.000 og var unnið upp í þann samning. Til raunfærnimats fengust 6.310.950. Unnið var upp í gerða samninga í raunfærnimati skipstjórnar og samstarfsverkefni í iðngreinum.

### 3.4 Aðrir samstarfsaðilar

Viska hefur átt gott samstarf við hina ýmsu fræðslusjóði s.s. stéttarfélagin í Vestmannaeyjum, Landsmennt, Sveitamenn, Sjómennt og Ríkismennt, svo einhverjir séu nefndir. Reynt hefur verið að haga málum þannig að sem einfaldast sé fyrir þá einstaklinga sem hafa sótt námskeið hjá Visku að sækja í þá styrki sem þeir hafa rétt á. Nú hefur vefurinn [www.attin.is](http://www.attin.is) bæst við sem flýttir fyrir og einfaldar umsóknir um fyrirtækjastyrki og vefurinn [www.naestuskref.is](http://www.naestuskref.is) til að veita greinargóðar upplýsingar um störf á íslenskum vinnumarkaði, námsframboð og raunfærnimatsleiðir.

Viska á í samstarfi við ýmsa aðila auk þeirra sem hér hafa verið taldir upp. Má þar nefna Vinnumálastofnun á Selfossi, Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum, Fjölmennt, Virk og Vinnueftirlitið. Samstarf við Fræðslunet Suðurlands hefur aukist undanfarin ár sem og samstarf við Eyjafréttir. Samstarf Vinnumálastofnunar og Visku hefur aukist undanfarin misseri sem og við Virk. Haldin voru fimm námskeið fyrir Vinnumálastofnun á árinu 2019 og einstaklingar frá Virk og Vestmannaeyjabæ áttu jafnframt aðgengi að þeim námskeiðum. Viska hefur einnig aukið samstarf við Fablab í Vestmannaeyjum og þá fyrst og fremst í þjónustu fyrir VMST og Virk.

### 3.5 Húsnæði og búnaður

Viska hefur sem fyrr aðsetur í Þekkingasetri Vestmannaeyja að Ægisgötu 2. Þar hefur Viska á að skipa einni skrifstofu, þar sem undirrituð og náms- og starfsráðgjafi deila skrifstofu. Auk þess eru tveir kennslusalir og fjögur fundarherbergi sem Viska deilir með öðrum stofnunum í húsinu. Mestu munar um stórbætta aðstöðu fyrir fjarnema.

### 3.6 Sí- og endurmenntun

Námskeiðahald sl. haust hófst með útgáfu námsvísis. Námsvísar Visku eru almennt gefnir út tvisvar á ári með ýmsu sniði auk þess sem Facebooksíða Visku verður jafnt og þétt virkasti auglýsingamiðillinn. Viska opnaði nýja heimasíðu í desember 2018 og er hún jafnt og þétt virkari þáttur í markaðssetningu Visku. Enn virðist þó virkni meiri á facebooksíðu.


## 6. Um fræðslustarfið / símenntun 2019

Árið 2019 gaf Viska út tvo auglýsingabæklinga sem innbláð í Eyjafréttum í febrúar og september. Auk þess hefur vefur Eyjafrétta og fleiri aðila verið virkjaðir til auglýsinga fyrir Visku. Í námsvísi Visku var þjónusta hennar kynnt fyrir íbúum í Vestmannaeyjum ásamt upplýsingum um námskeið. Viska auglýstir raunfærnimat í skipstjórn í sjómannadagsblaði 2019 auk vefja og miðla á vegum sjómanna. Í þessum kafla eru myndrænar lýsingar á fjölda námskeiða og námsmanna 2019 samanborið við árin þar á undan.


#### 4.1 Námskeið

Námskeiðin eru talin á hverri önn fyrir sig, annars vegar á vorönn og hins vegar á haustönn. Þetta á fyrst og fremst um námsleiðir eins og Grunnmenntaskólann og aðrar langar námsleiðir.

Árið 2019 voru haldin 29 námskeið, sem dreifðust á tvær annir. Á mynd eitt má sjá þróun fjölda námskeiða frá upphafi. Mynd tvö sýnir hvaða námskeiðsflokkar voru haldnir og fjölda þátttakenda í hverjum þeirra. Fjöldi námskeiða milli ára er rokkandi og jafnan svolítið eftir því hvað samfélagið kallar á.




Mynd 1. Fjöldi námskeiða hjá Visku á árunum 2003-2020



Mynd 2. Fjöldi námskeiða á árinu 2019 eftir námskeiðsflokkum

## 7. Námsmenn

Ef við kíkjum hins vegar á töflu um þróun nemendastunda þá má sjá að fjöldi þeirra er breytilegur milli ára. Námskeiðsstundirnar (kennslustundir) á árinu 2019 eru 2.071 alls en eins og mynd þrjú sýnir eru nemendastundirnar 23.078 alls. Aðeins hefur nemendastundum fjölgað frá 2018 og aftur komum við að því að þessar tölur rokka nokkuð milli ára. Árið 2019 voru íslenskunámskeið vel sótt, stórir hópar og þannig fjölgar nemendastundum.




Mynd 3. Þróun nemendastunda á árunum 2004-2020

Kenndar nemendastundir eru mælikvarði á umfang fræðslustarfs. Sá mælikvarði fæst með því að margfalda fjölda nemenda á hverju námskeiði með fjölda kennslustunda á sama námskeiði.

Flestar nemendastundir eru kenndar í flokknum námsleiðir FA og íslenskunámskeiðum. Það er eðlilegt í ljósi þess að þær námsleiðir eru jafnan lengstu kenndu námskeið í miðstöðvunum hverju sinni.


Að vanda látum við hér fylgja með mynd af kynjahlutfalli á námskeiðunum. Fjöldi kvenna á vorönn 2019 grundvallast af námskeiðum í sál-gæslu fyrir grunn- og leikskóla sem og félagsþjónustu. Þau námskeið voru mjög vel sótt og þar eru konur í miklum meirihluta.






**Myndir 4. Kynjaskipting á námskeiðum 2003 og fram til vors 2020**

Námskeið Visku eru flokkuð í fimm flokka auk námsleiða og námskeiða fyrir einstaklinga með fötlun. Námsleiðirnar eru gjarnan starfstengd námskeið eins og Grunnám fiskvinnslu og Endurmenntun atvinnubílstjóra svo eitthvað sé nefnt. Sum tólmstundanámskeið eru jafnframt starfstengd fyrir suma og getur haft áhrif á flokkunina. Myndir fimm og sex sýna annars vegar þátttöku eftir flokkum og svo nemendastundir eftir flokkum.




**Mynd 5. Myndin sýnir fjölda námsmanna eftir námsflokkun 2019 og 2020**



**Mynd 6. Þróun nemendastunda eftir námskeiðum 2019-2020**

Árið 2019 voru námsmenn á námskeiðum í Visku 423 að tölu, en á vorönn 2020 hafa þeir náð 256.



**Mynd 7 sýnir fjölda námsmanna frá upphafi.**

## 8. Náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat

### Ráðgjöfin

Náms- og starfsráðgjöfin árið 2019 tengdist töluvert raunfærnimati. Um 44% ráðgjafarinnar var vinna við þessi verkefni. Einnig tengdist ráðgjöfin töluvert þeim námsleiðum sem voru í gangi. Ekki var þörf á að auglýsa almenna náms- og starfsráðgjöf mikið á árinu því að fólk kom að eigin frumkvæði, oft eftir að hafa heyrt um hana frá fyrrum ráðþegum. Sú ráðgjöf fólst mikið í að veita upplýsingar um ýmis konar nám, áhugasviðsgreiningar og persónulegan stuðning vegna ýmissa hindrana.

Samtals voru tekin 230 viðtöl á árinu 2019. Enn og aftur voru áberandi fleiri karlar og helgast það að miklu leyti af raunfærnimati í skipstjórn, en fjöldi viðtala með körlum var 173, eða um 75%. Fjöldi viðtala með konum var 57, eða um 25%. Meirihluti ráðþega mætti í fleiri en eitt viðtal. Þegar um er að ræða áhugasviðsgreiningar er fjöldi viðtala oft tvö til þrjú. Í raunfærnimatinu fara þátttakendur í gegnum ákveðið ferli sem náms- og starfsráðgjafi leiðir og styður þá í gegnum. Það felur í sér nokkurn fjölda viðtala, en þar sem að stór hluti þátttakenda kom víðs vegar að af landinu fór töluverður hluti ráðgjafarinnar fram í gegnum síma eða tölvupóst. Í sumum tilfellum sér ráðgjafi ekki ráðþegann fyrr en í gegnum fjarfundabúnað í matsviðtali og stundum jafnvel ekki þá. Á móti kemur að ráðgjafar hinna ýmsu símenntunarmiðstöðva um landið sinna oft á tíðum ráðgjöfinni við undirbúning undir matsviðtölin. Samt sem áður er ætíð lögð áhersla á að vera í reglulegu símasambandi við ráðþegana til að byggja upp gott ráðgjafasamband.

### Raunfærnimat

Raunfærnimat var í gangi í skipstjórn á landsvísu og í iðngreinum í samstarfi við lðunna. Þátttakenda var aflað í gegnum auglýsingar, bæði í blöðum og á fésbókinni, einnig hafa skólar, vinnustaðir og fyrrum þátttakendur vísað fólki á raunfærnimatið.

#### Raunfærnimatið í skipstjórn


Eins og áður var raunfærnimatið í skipstjórn í boði yfir allt árið. Það voru 37 sem hófu ferlið og 25 þeirra luku því. Allt voru þetta karlmenn og var meðalaldur þeirra 41 ár, yngstur var 25 ára og elstur var 63 ára. Hluti þátttakenda frestaði matinu fram á næsta ár vegna anna, en aðrir duttu út án sérstakra ástæðna og reyndist erfitt að ná sambandi við þá. Raunfærnimatið er þátttakendum í markhópi að kostnaðarlausu, en aðrir þurfa að greiða fyrir það. Þátttakendum utan markhóps hefur fjölgað síðustu ár, og voru þeir tíu sem hófu ferlið, en fimm sem luku mati. Ein skýring á þessari fjölgun er ásókn í að ljúka 24 metra skipstjórnarréttindum til þess að geta unnið á hvalaskoðunarskipum. Þátttakendur þurfa að greiða nokkuð háa upphæð fyrir matið, en stéttarfélag hafa styrkt þá.

Forsenda þess að geta haldið raunfærnimatinu í skipstjórn gangandi fyrir starfandi sjómenn er að bjóða upp á það jafnt og þétt yfir árið. Til þess að það sé gerlegt verða matsaðilarnir að vera mjög sveigjanlegir með tíma og höfum við verið einstaklega heppin hvað það varðar. Matsaðilarnir voru fjórir, á vorönn voru þrír frá Vestmannaeyjum og einn frá Ísafirði. Á haustönn voru allir frá Vestmannaeyjum. Matsviðtölin fara meira eða minna fram í gegnum Microsoft Teams og hefur það


gengið mjög vel. Meira að segja bæta þátttakendur net í gegnum búnaðinn með þrýði. Gott samstarf við símenntunarmiðstöðvar í kringum landið er einnig nauðsynlegt og hefur það gengið mjög vel.

### Raunfærnimat í samstarfi við aðrar símenntunarmiðstöðvar

Nokkur áhugi var fyrir raunfærnimati í iðngreinum. Á þessu ári fór einn í mat í múraraiðn og tveir í vélstjórn.



**Mynd 8 . Fjöldi ráðgjafaviðtala hjá Visku á undanförunum árum**



**Mynd 9 . Þróun raunfærnimats hjá Visku á undanförunum árum**


Sólrún Bergþórsdóttir

Náms- og starfsráðgjafi Visku

## Samstarf og verkefni

### 7.1 Kvasir og Leikn

Viska er aðili að Kvasi, samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á Íslandi. Samtals eru stöðvarnar ellefu að tölu og mynda þær þétttriðið net hringinn í kringum landið.



Í stjórn Kvasis 2019 voru Eyjólfur Sturlaugsson Fræðsluneti Suðurlands formaður, Vigdís Þyri Ásmundsdóttir Framvegis gjaldkeri og Bryndís Þráinsdóttir Faskólanur ritari. Á vörfundum 2020 gengu úr stjórn þær Bryndís og Sólveig Hildur Björnsdóttir gjaldkeri og Valgerður Guðjónsdóttir ritari

Mynd 11. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni og í Reykjavík.

Forstöðumenn innan Kvasis funduðu reglulega á árinu auk hefðbundinna vor- og haustfunda. Haustfundur Kvasis 2019 var haldinn í Vestmannaeyjum og vörfundurinn 2020 var haldinn í maí í Teams vegna samkomubanns á tímum Covid. Heimasiða Kvasis er: [www.fraedslumidstodvar.is](http://www.fraedslumidstodvar.is) Þar má meðal annars lesa ársskýrslur samtakanna. Á mynd 11 má sjá hvar stöðvarnar eru staðsettar á landinu.

Viska er aðili að Leikn, en Leikn eru samtök fullorðinsfræðsluaðila (framhaldsfræðslu) á Íslandi. Formaður Leiknar starfsárið 2019-2020 var Guðrún Vala Elísdóttir Símenntun á Vesturlandi. Auk hennar eru í stjórn Leiknar sátu Guðfinna Harðardóttir Starfsmennt ritari, Eyjólfur Sturlaugsson Fræðsluneti Suðurlands, varaformaður, Helgi Þorbjörn Svavarsson Símei, gjaldkeri og Ingibjörg Kristinsdóttir Framvegis. Helga Gísladóttir Fjölmennt og Sólrún Bergþórsdóttir Visku eru varamenn. Heimasiða Leiknar er: [www.leikn.is](http://www.leikn.is).

### 7.2 Tímabundin verkefni

Viska er aðili að verkefni sem kallast Sjósókn, Tækifæri og áskoranir í íslenskum sjávarútvegi. Markmið þessa verkefnis, er að efla menntun sjómanna og hækka menntunarstig þeirra. Verkefninu er stýrt af SÍMEY en Viska er samstarfsaðili og ber ábyrgð á raunfærnimati í skipstjórn í verkefninu.

#### Language on the fly

Viska tekur þátt í norrænu verkefni um að útbúa námsefni í íslensku fyrir útlendinga í snjalltæki. Verkefnið hófst í Bergen í september 2019. Vinnufundir áttu að vera nú á vörönn í Sisimiut á Grænlandi, en vegna Covid 19 hefur vinna við verkefnið frestast til haustsins.

*Menntabúðir* er eitt að sérverkefnum sem Viska leiddi af stað. Verkefnið er í eðli sínu endurmenntun kennara. Þar sem þátttakendur læra hver af öðrum. Við fengum til liðs við okkur forvera minn Bergþóru Þórhallsdóttur ásamt fríðu föruneysi og stofnuðum Eyjamennt. Tvennar menntabúðir voru haldnar á starfsárinu 2019 og búið er að leggja drög að fleirum slíkum á starfsárinu 2019-2020. Mikil ánægja var með þetta framtak og ljóst að það er komið til að vera.

*Starfakynning.* Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja, í samstarfi við Grunnskóla Vestmannaeyja og Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum héldu starfakynningu þriðjudaginn 24. apríl 2019. Stefnt er að því að halda kynningu sem þessa annað hvert ár.

### **7.3 Aðrir samstarfsaðilar**

Viska var í samstarfi við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum. FÍV hefur séð um að votta framhaldsskólaeiningar þar sem það á við og matsaðilar í raunfærnimati hjá Visku koma einnig einhverjir þaðan. Leiðbeinendur koma einnig frá Grunnskóla Vestmannaeyja og víðar.

Viska er í samstarfi við háskólana og endurmenntunardeildir þeirra. Viska auglýsir það fjarnám sem er í boði til Vestmannaeyja á heimasíðu sinni.

### **7.4 Vinnumálastofnun og Virk**

Viska og Vinnumálastofnun Suðurlands voru í samstarfi á árinu um ýmis námskeið. Umfjöllun um þennan þátt er að finna í lið 3.4. VMST heldur fundi sína ekki lengur hjá Visku í húsnæði ÞSV en hefur flutt sig til félagsþjónu Vestmannaeyjarbæjar þar sem þau fá húsnæði sér að kostnaðarlausu. Nú er hlutfall atvinnulausra í Eyjum heldur hærra en lengi hefur verið og reiknum við með auknum úrræðum í haust eftir sumarfrí. Virk kaupir reglubundið úrræði af Visku fyrir skjólstæðinga sína í formi námskeiða og ráðgjafar.

### **7.5 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins**

Viska undirritaði samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins árið 2006 um samstarf á sviði fullorðinsfræðslu. Í samningnum fólst að veita fólki á vinnumarkaði með litla formlega menntun tækifæri til að mennta sig og þannig bæta stöðu á vinnumarkaði. Samstarfið hefur orðið þess valdandi að Visku hefur verið gert kleift að bjóða upp á nám fyrir einstaklinga og atvinnulífið þar sem kostnaður við námið hefur verið niðurgreiddur af menntamálaráðuneytinu. Einnig hefur verið gerður samningur um náms- og starfsráðgjöf á vinnustað og raunfærnimat. Ráðgjöfin hefur gengið vel sem og námsleiðirnar og raunfærnimat vaxið með ári hverju. Viska fór í gegnum EQM gæðaúttekt á vorönn 2020 og hlaut góða úttekt. Upplýsingar um það má finna á heimasíðu Visku. Viska fór einnig í gegnum svótargreiningu á vorönn 2020. Sveinn Margeirsson var fenginn til verksins og mun hann kynna þennan þátt sjálfur í lok fundar. Þeirri vinnu gerð frekari skil í árrskýrslu næsta ár.

## 9. Starfsáætlun 2020


Í fylgiskjali má sjá rekstraráætlun Visku fyrir árið 2020. Að öðru leyti fer stjórnarformaður Visku, Arnar Sigurmundsson yfir rekstraráætlun Visku og henni því ekki gerð ítarlegri skil hér.

### 8.1 Námskeiðahald

Námskeiðahald árið 2019 var fjölbreytilegt og skemmtilegt. Aðsókn er misjöfn eftir árum og námsleiðir og raunfærnimat hafa átt stóran sess í starfseminni sem og fyrirtækjaverkefni. Tómsundanámskeið eru að breytast og flest eru þau um hollt matarræði og lífurni. Vorönn 2020 fór fjörlega af stað með námskeiðum fyrir dyraaverði og vélstjóra. Covid setti strik í reikninginn og neyddumst við til að loka í kjölfarið vegna samkomubanns. Nokkrum námskeiðum var frestað en í þeirra stað fór Víska í samstarf við Eyjafréttir og buðum við upp á fimm vel heppnuð vefnámskeið í apríl og fram í maí. Til stendur að halda nokkur í viðbót í vor og fleiri í haust eftir sumarfrí.

## 10. Fjarnám á háskólastigi

Nemum í grunnnámi á háskólastigi hefur nú fjölgað aftur jafnt og þétt. Flestir eru fjarnemar frá Háskólanum á Akureyri og voru nýnemar 23 talsins haustið 2019. Aðrir háskólar eiga líka nema í fjarnámi þá fyrst og fremst frá HÍ en svo dreifast nemar á aðra skóla. Það er miður að háskólar á Íslandi skuli ekki sjá sóma sinn í að bjóða upp á fleiri greinar í fjarnámi en raun ber vitni. Fjarnám breytist eðlilega og um þessar mundir fer það að mestu fram í tölvu hvers og eins. Fjarnemum sem notfæra sér aðstöðu í Visku hefur fjölgað jafnt og þétt. Árið 2016 fjölgaði einstaklingum í próftöku hjá Visku eins og sjá má á mynd 11 og árin á eftir hefur próftökum fjölgað jafnt og þétt. Nú í vor voru hins vegar afar fá próf tekin hjá okkur vegna Covid 19. Háskólarnir settu nánast öll sín próf í heimapróf.



Mynd 11 sýnir þróun próftöku hjá Visku síðustu ár

## 11. Samantekt og framtíðarsýn



Talsverðra breytinga gætir í rekstrarumhverfi símenntunarmiðstöðva um þessar mundir. Munar þar mest um minna fjármagn úr Fræðslusjóði framhaldsfræðslunnar í vottað nám, en úthlutun 2020 er umtalsvert minni til símenntunarmiðstöðvanna í ár en verið hefur. Ljóst er að Fræðslusjóður hefur heldur ekki notið aukinna fjárveitinga af hálfu ríkisins.

Einnig er það mikið áhyggjuefni að menntamálaráðuneytið hafi ekki lokið vinnu við reiknilíkan sem stýrir fjárveitingu til miðstöðvanna og kynnt var á vordögum 2019 en engin ákvörðun liggur fyrir. Ljóst er að ef Víska nýtur ekki svipaðs fjármagns og miðstöðinni hefur borist frá árinu 2016, verður veltu frá styrkjum umtalsvert minna. Einnig er það áhyggjuefni að vinna við ný lög um framhaldsfræðslu hefur ekki hafist að nýju og í því samhengi má líka nefna menntastefnu stjórnvalda. Á þessu stigi er ekki vitað hvort framhaldsfræðslan eigi þar hlutverk. Þrátt fyrir að blikur séu á lofti í rekstrartekjum og faglega, hefur margt gengið vel hvað varðar stefnu og faglegt starf.

Á árinu 2019 framkvæmdi Víska mikið í öllum þáttum. Aldrei fyrr höfum við ekki skilað fjármagni til FA að loknu starfsári í neinum lið.

Samkvæmt vinnu- og markaðsrannsókn Hagstofu Íslands fækkar Íslendingum sem hafa aðeins lokið grunntúni. Árið 2009 var hlutfall landsmanna í þeim hópi á aldrinum 25 – 64 ára um 30%, en árið 2019 hafði hlutfallið í sama aldurshópi lækkað í 21,5%. Því má ætla að markhópur framhaldsfræðslunnar, sem skilgreindur er í lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 hafi minnkað um 8% – 10% á landsvísi á síðastliðnum 10 árum. Þetta á sér margvíslegar skýringar en gera má ráð fyrir að úrræði framhaldsfræðslunnar hafi haft nokkur áhrif.

Þegar þetta er skrifað, geisar heimsfaraldur í tengslum við COVID-19. Ljóst má vera að hann mun hafa viðvarandi og mikil áhrif á samfélög heims. Samfélagslegar breytingar munu verða umtalsverðar. Í kreppum og áföllum skipta stuðningskerfin öllu máli. Framhaldsfræðslan er kerfi sem grípur fólk, getur brugðist við og aðlagð sig hratt breytingum og er skemmst að minnast að einmitt það gerði hún í kjölfar fjármálahrunsins 2008. Mun kórónaveiran valda heljarstökki stafrænnar þróunar? Fjarkennsla stórkjóst og símenntunarmiðstöðvarnar fluttu alla sína starfsemi í fjarkennslu. Verður það til þess að fjarkennsla öðlast nýja vídd og viðurkenningu eftir að kórónafaraldri lýkur? Fyrir stuttu síðan voru orð eins og Teams, Zoom, Hangout og fleira í þeim dúr framandi fyrir ýmsa einstaklinga í kennslu. Margir höfðu ákveðið að kynna sér þessa þætti betur þegar tími gæfist til en allt í einu eru þetta tæki sem notuð hafa verið við alla fundi og námskeið. Kennurum var kastað út í fjarkennslu og það veitir aðra og nýja reynslu. Því vaknar spurningin hvaða áhrif hinar "þvinguðu" kringumstæður hafa á fjarkennslu í framtíðinni: Hvort við munum upplifa heljarstökk tölvuvæðingarinnar sem verður viðvarandi eftir að við snúum aftur til hefðbundins lífs. Eða hvort við öðlumst reynslu sem endar kannski bara með afar takmörkuðum breytingum? Það er ljóst að við í Visku sjáum fyrir okkur að



strax nú í haust þurfum við að setja inn í námsstefnu okkar að þörf sé á að þjálfa markhóp okkar í að nema í gegnum tæknina. Í þessu sambandi er kannski rétt að segja frá því að Víska sótti um styrk í þróunarsjóð Fræðslusjóðs nú í vor. Stefnum við að því að færa Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk í stafrænt kennsluform, þar sem æ erfiðara reynist að ná verkafólki í fiskvinnslu inn á grunnnámskeiðin. Þróunarverkefnið er til þriggja ára, en það er þannig upp byggt að tryggt er að niðurstöður hvers hlutar verða tilbúna strax eftir fyrsta ár verkefnisins. Þar með væri komin möguleiki á að keyra þann hluta í kennslu í bland við hefðbundnu aðferðina. Með þessu tryggjum við frekar framkvæmdina og gæðin. Fjórum áföngum námsleiðarinnar verður í fyrstu umferð ekki umbreytt í rafrænt form. Áfangarnir sem hér um ræðir eru: Fjölmening, Samstarf og samskipti á vinnustað, Sjálfsstyrking og Skyndihjálp. Fyrir því liggja tvær ástæður. Þrír fyrrnefndir áfangar byggjast á mikilli virkni þátttakenda í gegnum samtal og samvinnu og þurfa því að, að okkar mati, að fara fram á staðnum til að tryggja gæði þeirra. Hvað varðar skyndihjálpinu þá segir það sig sjálft að hjartahnoð og endurlífgun lærist best í verklegri kennslu undir leiðsögn.

Miklar breytingar munu verða í þessu landslagi á komandi árum m.t.t. fjórðu iðnbyltingarinnar og mikilvægt að stutt verði með ráðum og dáð við þennan geira með umgjörð, lagasetningu og fjármagni. Hjá fámennri og framsækinni þjóð skiptir máli að nýta þá innviði og mannauð sem til er. Framhaldsfræðslan á Íslandi hefur tök á að mæta því hlutverki en stuðning og meðbyr stjórnvalda þarf til að svo verði. Vonir standa til að stutt verði dyggilega við þetta mikilvæga kerfi sem hefur sannað sig svo vel, stuðlað að hækkun menntunarstigs og bættum lífsgæðum einstaklinga. Nú sem aldrei fyrr þarf að standa við bakið á framhaldsfræðslunni til að hún geti rækt hlutverk sitt. Stuðningurinn þarf að koma fram í viðurkenningu hennar og í fjárstuðningi sem er lykilatriði í þeim aðgerðum sem bíða handan við hornið.

Vestmannaeyjum 19. maí 2020

---

Valgerður Guðjónsdóttir forstöðumaður

## Rekstraráætlun Visku 2020

### Tekjur:

Rekstrarframlag á fjárlögum 2020	kr.	22.700.000
Samningar v/FA um vottaðar námsl.	kr.	10.690.000
Samn. v/FA - náms- og starfsráðgjöf	kr.	3.333.000
Samningar v/FA v/ raunfærnimats	kr.	5.477.000
Námsleiðir þátt.gjöld	kr.	2.500.000
Samningur við Fjölmennt v/námskeiða	kr.	500.000
Íslenskukennsla fyrir útlendinga	kr.	3.500.000
Almenn námskeið og önnur verkefni	kr.	4.000.000
Aðrar tekjur	kr.	1.200.000
Fjármagnstekjur-nettó-	kr.	2.300.000

---

Samtals tekjur	Kr	56.200.000
----------------	----	------------

---

### Gjöld:

Laun, launat. og ökutækjastyrkir	kr.	28.200.000
Grunnleiga vegna Ægisgötu 2	kr.	4.500.000
Rekstur húsnæðis, sam.& sérþjónusta. ÞSV	kr.	4.400.000
Námsleiðir, námskeið, raunfærnimat	kr.	10.500.000
Rekstur, FS net og viðh.upplýsingakerfa	kr.	5.000.000
Bókhald, endurskoðun, ofl.	kr.	1.400.000
Gjaldfærður stofnbúnaður	kr.	500.000
Annar kostnaður	kr.	1.500.000

---

Samtals rekstrargjöld og stofnbúnaður	kr.	56.000.000
---------------------------------------	-----	------------

Tekjur umfram gjöld	kr.	200.000
---------------------	-----	---------

---

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur lokið samningum við viðurkennda fræðsluaðila v/2020. Rannís hefur lokið úthlutun v/ísl.kennslu fyrir útlendinga v/ 2020. Rekstraráætlun Visku 2020, rekstrartekjur og útgjöld var tekin til umræðu og afgreiðslu á stjórnarfundum Visku 12. febr. 2020.

Vestmannaeyjum 12. febr. 2020 – Arnar Sigurmundsson, form..

## Tækja- og eignalisti

Frá 2003 uppfærður 11.05.2020

### 2003-2010

<b>Tæki/áhöld</b>	<b>Staðsetning</b>
Skjalavarp	Geymslu Fiskiðju
Skrifborð	Geymsla jarðhæð Fiskiðju

Pappírstætari	Þjónustufulltrúi 2. hæð Fiskiðju
AKG Wierless	Geymsla hjá húsverði ÞSV

Samlokugrill	ÞSV kaffistofa
--------------	----------------

Aego, bassabox og hátalarar við fjarfundabúnað	Fiskiðju í geymslu
Sýningartjald	Geymslu hjá húsverði ÞSV
10 borð	Miðklettur Fiskiðju

Whirpool kæliskápur	Seldur 2019
Silver line plöstunarfél	Þjónustufulltrúi 2. hæð Fiskiðju
Auglýsingastandur	Fiskiðju
Olympus E410 myndavél	Hjá forstöðumanni
Dell XPS M 1330 fartölva	Hjá sérkennara Visku

HDX 8004 XLP fjarfundabúnaður	Í skáp hjá þjónustufulltrúa í Fiskiðju
-------------------------------	--

Bernina saumavél	Seld 2020
------------------	-----------

Skrifborðsstóll	Skrifstofu Visku
Þráðlaust headset fyrir síma	Geymslu Fiskiðju

### 2011

2 Scott útvörp	Geymslu Fiskiðju
Router Cisco Linksys E2000	Geymslu Fiskiðju

### 2012

Fjarfundabúnaður Polycom QDX 6000	Hákollum Fiskiðju
Router Port Fast Ethernet Switch	Geymslu Fiskiðju
Gjallarhorn SHO-ME	Geymslu á Strandvegi 50 Arnar Sigurmunds

### 2013

Samsung sjónvarp	Geymslu hjá húsverði í Fiskiðju
Lenovo idealpad fartölva	Hjá námsráðgjafa
Lenovo ideapad, kennslutölva	Í notkun í fiskiðju
Samsung diskaflytjari	Geymslu Fiskiðju
Dell borðtölva	Úreld 2020

### 2014

Headphones fyrir fjarfundi	Geymslu í Fiskiðju
AcerAspire Switch	Geymslu í fiskiðju
Flettitafla á hjólum	Geymslu í Fiskiðju

### 2015

Bestá skápar frá Ikea	Á dekkinu og á rannsóknargangi í Fiskiðju
Fatahengi frá Pennanum	Kennslusalir Fiskiðju
70 stólar frá Pennanum eignfærðir	Fiskiðju kennslusalir
20 borð frá AJ-eignfærð	Fiskiðju kennslusalir
Tússtafla	Heimaklettur Fiskiðju
Skjávarpi	Heimaklettur Fiskiðju
Hljómflutningstæki	Heimaklettur Fiskiðju
Dolche Gusto kaffivél	Strandvegi 50 hjá lista- og menningarhópi
3 veggklukkur	Seldar með jarðhæð Strandvegi 50
Billy skápur frá Ikea	Skrifstofa Visku í Fiskiðju
Tvö háborð	Kennslussölum í Fiskiðju
Electrolux uppvottavél	Seldar með jarðhæð Strandvegi 50
Tölva-brix	Hákollum í Fiskiðju

### 2016

Acer spjalddölvur 5 stk	Geymslu í Fiskiðju, verða settar við fundarsali
Skjalaskápur úr Ikea	Opnu rými við prentara í Fiskiðju
Kallax hillur hvít og svört	Hvíta í lesstofu, svarta í geymslu í Fiskiðju, er í notkun
Skápahirslur frá Ikea	Við prentara í Fiskiðju
30 stólar frá Pennanum-eignfærðir	Heimaklettur Fiskiðju
2 eldhúseyjar frá Ikea	Lesstofa og matsal Fiskiðju
Skáphirsla frá Ikea	Við matsal í Fiskiðju
Kaffivél Tecnic worm	Matsal í Fiskiðju á hjólaborði.
Bose hátalari	Neðri Kleifar Fiskiðju
Vefmyndavél	Hákollar Fiskiðju
Ræstivagn	Í notkun í Fiskiðju

### 2017

10 Lenovotölvur	Læstum tölvuskáp í geymslu Fiskiðju
Tölva-brix	Neðri Kleifar Fiskiðju
Borðtölva	Í geymslu í Fiskiðju
Fartölva Lenovo	Skemmdist 2019, tjónabætur gr.
Brix	Efri Kleifar Fiskiðju
Porsche flakkari	Skrifstofu Visku í Fiskiðju
Nitro harddrive, backupgeymsla	Skrifstofu Visku í Fiskiðju
Crestron air media	Skrifstofu Visku Fiskiðju

### 2018

2 Turnskápar	Skrifstofa Visku
2 Rafknúin skrifborð	Skrifstofa Visku
Bókahillur og skápar	Skrifstofa Visku
Sófi og 2 stólar	Skrifstofa Visku
Sófaborð	Skrifstofa Visku
Standlampi	Skrifstofa Visku
Brix	Heimaklettur
Brix	Neðri Kleifar Fiskiðju
Borð og stólar eignfærð	Lesstofa Fiskiðju
Fatahengi frá Pennanum	Heimaklettur
Dell skjáir	Skrifstofa Visku
Hleðsluskápur fyrir fartölvur	Rannsóknargangi í Fiskiðju
Samsung A6 farsími	forstöðumaður
Hilla á hjólum	Skrifstofa Visku
Bose heyrnartól	Skrifstofa Visku
Air pods	Skrifstofa Visku

### 2019

2 HP elitebook fartölvur	Skrifstofa Visku Fiskiðju
2 HP tölvuport	Skrifstofa Visku Fiskiðju
Rakatæki	Skrifstofa Visku
Canon prentari	Skrifstofa Visku
3 stólastandar	Kennslusalir í Fiskiðju